

Fréttabréf ÍRA



2. ÁRGANGUR.

8. TÖLUBLAÐ.
ÁGÚST 1980.



Taka TANGO FOX radióamatörar höndum saman?
Sjá áskorun til íslenskra radióamatöra ó bls. 2.

Áskorun til íslenskra radíóamatöra. Eins og áður hefur verið sagt frá, þá hefur reglum í SAC (Scandinavian Activity Contest) nú verið breytt á þann veg, skv. ósk okkar sjálfra, að íslendingar keppa nú við hlið hinna norðurlandabúa gagnvart öllum heiminum. Fyrsta skipti, sem þetta kemur til framkvæmda, er þriðju heilu helgi í september 1980 (CW) og fjórðu heilu helgi í september 1980 (SSB). Finnski keppnisstjórinn Anssi Pekkanen, OH2QV, hefur í bréfi bent okkur á verðugt verkefni að vinna að, og það er að vera fyrir ofan norðmenn og dani í norrænu bikarkeppninni. Stjórn Í.R.A. tekur undir þessa áskorun og er henni hér með komið á framfæri. En hvað er norræna bikarkeppnin og hverjir eru möguleikar okkar? Jafnframt því sem einstakar stöðvar á norðurlöndunum keppa innbyrðis þá er einnig um norðurlandakeppni að ræða. Lagðir eru saman lokapunktur stöðva í bæði CW og SSB hlutanum í hverju landi og það land, sem fær flesta punkta vinnur bikarinn í eitt ár. Hér er því ekki um keppni eftir höfðatölu að ræða. Möguleikar okkar á því að komast upp fyrir norðmenn og dani þrátt fyrir það, felast í því að þeir hafa ekki verið mjög virkir í SAC keppnunum fram að þessu. Í síðustu keppni (1979) var árangurinn í bikarkeppninni eftirfarandi:

| | | | | | | |
|-------------|-----|----------------|---------|------|-----------|--------|
| 1. Finland, | 220 | radíódagbækur, | samtals | 30,0 | milljónir | punkta |
| 2. Svíþjóð, | 150 | - | , | - | 17,0 | - |
| 3. Danmörk, | 72 | - | , | - | 4,6 | - |
| 4. Noregur, | 55 | - | , | - | 3,3 | - |

Ef litið er á það út á hvað árangur dana og norðmanna er fenginn, þá er þó nokkuð um stöðvar í “single band” flokknum. Það þýðir lakari útkomu í lokapunktum heldur en ef sömu stöðvar hefðu verið í “all band” flokknum. Einnig er talsvert um stöðvar með lakari árangur. Til að nýta okkar möguleika sem best yrðu allir að keppa í “all band” flokknum og allir stefna að góðum árangri. Við höfum líka það með okkur að við

FRÉTTABRÉF Í.R.A.

Útg.: Íslenskir radíóamatörar.

-Póstfang: Pósthólf 1058, 121 Rvk.

-Aðsetur: Dugguvogur 1, Rvk.

Ritstj. & ábm.: Kristján Benediktsson, TF3KB, Barmahl. 55, R.

Efni sendist til; TF3KB, pósthólf 1058, 121 Rvk.

-Í síðasta lagi 20. hvers mánaðar fyrir næstu útgáfu.



erum með í fyrsta skipti á þessari hlið og ef hægt væri að virkja nýju kallsvæðin mundi eftirspurn eftir okkur verða mikil. (Hvert kallsvæði er margfaldari fyrir stöðvar utan norðurlandanna). Gíska má á að 20-30 TF-stöðvar sem skiluðu góðum árangri bæði í CW og SSB hlutanum og skiluðu inn samtals 40-60 radíódagbókum gætu náð þessum árangri. Færri stöðvar gætu etv. náð sama takmarki ef hver um sig skilaði toppárangri.

Það væri vissulega gaman ef íslenskir radíóamatörar gætu sameinast í myndarlegri þátttöku í þetta fyrsta skipti sem þeir keppa við hlið hinna norðurlandabúanna.

Ekki gefst rúm fyrir reglurnar hér, en það sem er frábrugðið öðrum keppnum er að þátttökutíminn er aðeins 27 klst. en ekki 48 klst. um hvora helgi, og aðeins hlutar bandanna eru ætlaðir til þátttöku, svo böndin verði ekki of ásett þátttakendum.

TF3LG segist hafa “sked” við LX2RF flesta virka daga á 14100 + QRM kl. 18.30 GMT og eru TF3SV og LA0BX þá stundum einnig á tíðninni. Aðrar TF stöðvar eru velkomnar í hópinn. NITF mun vera QRV um helgar, laugardaga og sunnudaga kl. 1400 GMT og byrjar þá gjarnan að kalla á 21001 KHz á CW en færir sig síðan á 21255 KHz eða 29225 KHz SSB ef samband næst. Hann er stundum einnig virka daga kl. 2330 ef hann getur komið því við og byrjar þá á 14001 á CW og færir sig á 14255 KHz SSB ef samband næst.

Af Ariane skotinu, sem misheppnaðist hinn 23. maí sl. hafa borist þær nánari fréttir af tildrögum óhappsins, að strax 7 sekúndum eftir skot hafi orðið vart við þrýstingsfall í einum af fjórum eldflaugarhreyflum fyrsta þreps eldflaugarinnar. Þrýstingsfallið hélt áfram og 60 til 100 sekúndum eftir skot varð hreyfillinn af þeim sökum óvirkur. Talið er að flugin hafi brotnað eða sprungið sökum hins skakka átaks og fréttir herma að hún hafi fallið í Atlantshafið. Dr. Karl Meinzer, DJ4ZC, upphafsmaður “Phase III” áætlunarinnar segir að hún hafi orðið fyrir miklum afturkipp, en sé þó ekki lokið að sínu álit. Sú reynsla og þekking sem áunnist hafi, komi að góðum notum við smíði nýrra gervitungla. Efni sé að hluta til þegar fyrir hendi, en aðal vandamálið, að finna hentuga uppskots-möguleika.

Félagið hyggst fara þess á leit við Póst & símamálastofnunina á næstunni að fá heimild til þess að gangast fyrir nýliðaprófi enda fáist næg þátt-taka. Hvað önnur próf varðar þá vill félagið kanna áhuga félagsmanna en ákvörðun um næga þátttöku er í höndum Stofnunarinnar hverju sinni. Listar liggja frammi í félagsheimilinu að Dugguvogi 1.b. Félagsmenn utan Reykjavíkur hafi samband við stjórn.

C.R.C OG PÓSTHÓLF 88

Landsfélag radióamatöra í Ráðstjórnarríkjunum er nefnt í enskri þýðingu sem “Central Radio Club of the U.S.S.R.”, skammstafað C.R.C.

Aðalstöðvarnar eru í veglegri byggingu, um 15 km. frá Rauðatorginu, sem yfirleitt er talið vera í miðri Moskvu. Í þessari stórborg sem mun hafa eitthvað á áttundu milljón íbúa, er CRC byggingin því í strætis-vagnaleið (ef við miðum svolfúti við íslenskastaðhætti).

Almennt er talið að CRC sé mjög ríkisstyrkt landsfélag, þar sem amatör radió er einhver vinsælasta íþróttin innan hers landsins og ekki er talið að herforingjar séu á móti hæfari og betri mönnum í fjarskipta-þurfandi sveitir sínar.

Í aðalstöðvum CRC eru 24 menn í fullu starfi, frá 09 til 17.00 dag hvern. Húsnæðið er alls um 1800 fermetrar að stærð, á þrem hæðum.

Fyrir utan skrifstofur og þess háttar, er í byggingunni tæknibókasafn sem telur yfir 60 þúsund titla (amatörtímarit eru ekki meðtalin). Þá er safn tæknilegra greina um 18 þúsund. Rúmgóðar lesstofur fylgja með tilheyrandi aðstöðu, Sérstakur fyrirlestrasalur er þarna líka sem er a við meðal kvikmyndahús. Einnig annar smærri. Þá er þarna tilrauna-stofa, verkstæði og að sjálfsögðu, QSL-Bureau.

Bureau' ið er þetta fræga pósthólf 88, sem allir kannast við. Það er í umsjá hálftrar tylltar kvenna, sem rækja sitt starf vel. Árið 1977 sáu þær um fjórar milljónir korta (Yngri tölur ekki fáanlegar). Athyglis-vert er að radióamatörar senda öll QSL-kort ókeypis með pósti innan-lands.

Árleg aukning á fjölda radióamatöra er talin nema um 8-12%. Ýmis sér-ákvæði eru forsenda þess að menn geti látið skrá sig í próf, eins og krafa um að hafa lokið prófum í ensku og að hafa verið hlustarar í ákveðin tíma og geta sannað það með kortum. Svo menn skyldu hugsa til verðandi amatöra þegar þeir e.t.v. salta um hríð að svara rússnesku hlustara-kortunum;

Leyfisflokkar eru þrír og leyft hámarks inngangsafli er 200, 40 og 10 wött. Undanþágur eru í keppnum, en þá er leyft mest tvö KW.

Þúsundir sovéskra radióamatöra taka árlega þátt í 20-30 stærstu alþjóðlegu keppnum sem eru á böndunum. CRC gefur út merkilega árs-skýrslu í þessu sambandi með samanburði og fleiru. Það kemur í ljós að árið 1975 féllu 132 verðlaun/verðlaun-agripir í hlut þeirra manna. Árið 1976 147 og árið 1977 meir en 160. Þetta er dágóður fjöldi enda rússar prýðis operatöror.

Sjálfir halda þeir “Míru-Mir” keppnina á hverju ári. 1978 voru þátt-takendur erlendis frá yfir 1100, frá 62 löndum.

Amatörar í þessu stóra landi eru að mörgu leyti svipað settir og aðrir í austurhluta evrópu. Skortur er á bútum, sama hvort það eru viðnám, lampar eða transistorar, hvað þá IC-rásir. Vegna skorts á radióefni, koma klúbbstöðvarnar einmitt að góðum notum, þar sem menn operera þar til þeir hafa önglað saman efni í sendi og viðtæki. Nóg er sagt vera til of loftnetsvír, a.m.k.

Sovétmenn hafa nýlega opnað land sitt fyrir gagnkvæmnisleyfisveitingum, þótt enn fái útlendingar eingöngu að vinna frá klúbbstöðvunum. En þeir eru sagðir góðir heim að sækja, svo varla setti maður það fyrir sig, svo framarlega sem sambönd næðist við TF þaðan, þótt merkið væri. QRI tveir með C og K og e.t.v. QRH og fleiri athuga-semdum þar fyrir aftan.

CU FRM UK / TF3JB.

RTTY - MÁL

Í grein minni í fréttabréfinu í ágúst 1979 greindi ég frá því að amatörum hafi áskotnast allmargar RTTY-vélar. Vélar þessar eru orðnar gamlar en eiga þó langa lífdaga eftir sé rétt með þær farið. Einnig á félagið ógrynni varahluta í formi gamalla véla. Allmörgum vélum hefur þegar verið dreift til amatöra, en skemmst frá að segja er aðeins ein í notkun, þótt stopult sé. Þá vaknar sú spurning hvers vegna ástandið sé svona. Vandinn virðist sá helstur að menn vanti afmótara (demodulator). Að fenginni RTTY-vél þarf ekkert annað en slíkan afmótara ásamt einföldum sveifflugjafa (AFSK oscillator). Til er ógrynni teikninga af slíkum tækjum og má finna þær víða í amatörbókmenntunum. Í félagsheimilið mæta menn að staðaldri sem hafa þekkingu á þessum tækjum og eru fúsir að gefa góð ráð. Menn hafa kvartað undan því að erfitt sé að fá nauðsynlegar spólur og þetta í afmótarana. Þetta er óþarfa kvein því nú má smíða afmótara með virkum síum (active filters) og nota til þess aðgerðarmagnara (operational amplifiers). Get ég, vísað í SARTG-news í þessu sambandi, en slíka afmótara má einnig finna í fleiri bókum og blöðum. Til skamms tíma hafði PIRA prentársarplötur af þessu tagi á boðstólum og, er pöntunardeildin fús til að panta fleiri.

Síðustu mánuði hefur margt gerst í RTTY-heiminum. Spennandi nýjungar hafa sprottið upp og má rekja þær flestar til örtölvubyltingarinnar frægu. Örtölvuáhugi og amatör radió geta átt vel saman. Augljósustu tengslin eru gegnum RTTY. Mjög víða hefur notkun tölvukóðans ASCII verið leifð á amatör böndunum, og nýjasta dæmið um það er slík leyfisveiting í Bandaríkjunum. Þetta mun auðvelda mjög alla vinnu með tölvur og amatör radió. Nú virðist tími radió amatöra runninn upp að nýju varðandi þróun og prófun nýrra hugmynda . Upplýsingaskipti á grundvelli amatör hugsjónarinnar verða auðveld. Kominn er nýr grunnur að skapandi amatörstarfi sem vart verður séð að aðrir feti gegnt.

Tvær skemmtilegar nýjungar á RTTY vil ég nefna sem komu fram á allra síðustu misserum. Annars vegar eru “ Póstkassar “ þeirra Pauls HB9AVK og Franz DL1WX. Paul hefur fengið leyfi svissneskra yfirvalda til að reka eins konar upplýsingakassa fyrir alla amatöra er geta komið RTTY merki til hans. Hugmynd-

in er sú að menn sendi kallmerki Pauls á ákveðinni tíðni (14.075 kHz mark) og komast þannig í samband við tölvuna hans. Tölvan kastar á mann kveðju og býður þjónustu sína. Hún er margs konar, og má nefna brandarakassa, DX-fréttir og dagbók. Í dagbókina skrifar Paul veður- lýsingu og ýmsar tæknilegar upplýsingar um kerfið. Menn geta einnig miðlað af brandarabrunni sínum og DX-vitneskju. Síðast en ekki síst ber að nefna boðmiðlun tölvunnar. Hægt er að biðja hana fyrir skilaboð til annarra amatöra. Þegar þeir “kíkja” svo í kassann sinn fá þeir skilaboðin. Allt er þetta mjög auðvelt í framkvæmd enda fara vinsældirnar dagvaxandi. Eini vandinn er sá að hitta nákvæmlega á tíðni Pauls og krefst það helst tíðniteljara. Tölvan sem Paul notar er Apple 2 og; kostar hún á við nýttísku sendiviðtæki.

Einnig ber að geta um líka þjónustu Franz DL1WX. Sá er helstur munurinn á hans kerfi að tölvan lætur stöðugt vita af sér með sendingum. Bíður hún í hálfu mínútu eftir svari. Þetta auðveldar innstillingu á hina réttu tíðni, og krefst ekki tíðniteljara. Tölvan hans Franz sendir á 3585 kHz á þriðjudögum, fimmtudögum og laugardögum frá kl. 18.00 GMT. Á öðrum dögum er sendingin á 14.077 kHz. um helgar hefst sendingin kl. 11.00 GMT. Þessi tölva tekur einnig við skilaboðum og geymir þau í 8 daga. Hún gefur einnig upp styrk hins móttækna merkis.

Hin nýjungin sem ég gat um er af öðru sauðarhúsi. Hún er nefnd Amtor. Amtor er kerfi sem gefur færri á fullkomnu QSO á RTTY, þrátt fyrir mjög lélegar aðstæður s.s. QRM og QSB. í stuttu máli byggist kerfið á “synchronous” sendingu þ.e. stop og start merki eru óþörf. Sendistöðin sendir 3 stafi í einu og móttökustöðin svarar jafnóðum með villumeldandi kóða. Þetta þýðir að um er að ræða stöðuga hraða skiptingu milli sendingar og móttöku. Hafa flest amatörtæki reynst fær um að sinna verkefninu og öðrum hefur lítils háttar þurft að breyta.

Kerfið er þekkt fyrir, en hefur nýlega verið prófað af amatörum. G3PLX, Peter er frumkvöðull að notkun þess meðal okkar. Verkefnið hentar mjög vel lítilli heimilistölvu en þó fæst tæki sem er sérstaklega hannað til þess, og er hægt að tengja beint við venjulega RTTY-vél. Verð tækisins er £76.00.

Að lokum vil ég, hvetja þá sem þegar eiga RTTY-vélar að hrista af sér slenið og byrja að nota þær. Smíðaaðstaða

Í félagsheimilinu er nú komin í nothæft horf. þar er að finna öll nauðsynleg tæki til smíða og stillingar afmótara og prentplöturnar má fá hjá PIRA. Aðra búta ætti að vera hægt að fá í Reykjavík. Eins og sjá má eru verkefnin næg á RTTY og að auki mjög spennandi. Hins vegar er tilfinnanlegur skortur á Íslendingum.

73 TF3UA.

Til sölu Lafayette HA-800B móttakari fyrir 10-80m (og 6m að auki), SSB CW, AM. Innbyggður 100 KHz kvarði (calibrator), 220V. Drake 2C lína. Móttakari 2C, sendir 2NT og ext. VFO Eico 722. Móttakarinn er fyrir 10-80m. böndin, SSB, AM, CW. 4.8, 2.7, og 0.4 KHz síur. Sendirinn er 100 wött inp. og xtal stýrður. Þetur 10-80m. VFO stýring er með Eico 722. Einnig fylgir 2CQ hátalarabox m/Q-multiplier & notch. Weston HF-2500 handstöðvasett. Tvær rásir, ein fylgir. 2,5 wött, AM. Vinnur í 29 MHz sviðinu. Ross SE-256 AC converter'ar fylgja. Electra Bearcat 8 VHF scanner, xtals fyrir skipaþjónustuna hjá TFA. Moscot type 719 straumbreytir. 2A max. Spenna brl. frá 0-30 volt DC. Uppl. TF3JB, sími 83040 (milli kl. 17-19.00) og eftir það 22247.





YAESU
The radio.



Alphatekni
National
101-102-103